

Fundur í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 15. júní 2009 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Guðmundur Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson Magnusen, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **0904005** Tölvupóstur dags. 19. maí 2009 frá Pétri Ágústssyni fyrir hönd Sæferða ehf með ósk um leyfi til að koma upp snyrtiaðstöðu út í Flatey. Bréf dags. 8. júní 2009 frá Birni Samúelssyni f.h. Sæferða með afstöðumynd og teikningu. Áður á dagskrá þann 22. maí s.l. Stöðuleyfi veitt til eins árs með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu Heilbrigðiseftirlits og Breiðafjarðanefndar.
2. **0906013** Bréf dags. 10. júní 2009 frá Pálínu St. Pálsdóttur með ósk um stöðuleyfi fyrir geymslugám í Múla í Þorskafirði. Samþykkt að veita leyfi til eins árs.
3. **0905041** Bréf dags. 25. maí 2009 frá Þór G. V. Ólafssyni með ósk um stækkun lóðar við Alheim í Flatey. Ekki er hægt að leyfa stækkun lóðar nema í tengslum við breytingu á gildandi deiliskipulagi. Erindinu synjað.

Til kynningar:

1. **0906009** Bréf dags. 8. júní 2009 frá Birni Samúelssyni f.h. Eyjasiglinga ehf með tilkynningu um að Siglingastofnun hafi gefið leyfi til að setja niður tvær flotbryggjur í höfnina á Stað til reynslu í sumar. Kynnt.

Önnur mál.

1. **0904029** Erindi frá Þráni Hjálmarssyni um stækkun hlöðu og byggingu gestahúss á Hríshóli. Áður á dagskrá þann 11. maí s.l. Erindið samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.

Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)